

Alþingi  
Erindi nr. P 139/559  
komudagur 1.12.2010



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010110046/90.12  
HMS/BH  
Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 30.01.2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. mál 197.**

Með tölvupósti dags. 30.11.2010 er óskað eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Vegagerðin gerir athugasemd við 6. grein frumvarpsins (þskj. 214 - 197. mál) þ.e. við I. kafla, sem er breyting á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og einnig við 10. grein laganna þ.e. við III. kafla um breytingu á lögum nr. 87/2004 um oliugjald og kílómetragjald.

Sérstakt vörugjald af bensíni og oliugjald eru markaðar tekjur sem renna til Vegagerðarinnar og standa undir nýbyggingu vega, viðhaldi vega og þjónustu við vegfarendur. Eftir því sem fleiri eru undanþegnir því að greiða fyrir afnot af vegakerfi landsmanna minnka tekjur Vegagerðarinnar og draga verður úr framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu við vegfarendur. Að öðrum kosti þarf ríkissjóður að bæta Vegagerðinni tekjutapið með öðrum hætti.

Vegagerðin leggst því gegn því að bifreiðaeldsneyti sem ekki er af jarðefnauppruna verði undanþegið þessum gjöldum nema til komi aðrar tekjur á móti.

Virðingarfyllt

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri